

Ár 2014, fimmtudaginn 20. nóvember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Innanríkisráðuneytinu frá 10. nóvember 2014.**
Í bréfinu er minnt á að skil á fjárhagsáætlunum árána 2015-2018 eru fyrir 15. desember að aflokinni umræðu á tveimur fundum bærarstjórnar.
Lagt fram til kynningar.
- 1.2. **Sýslumanninum á Selfossi frá 5. nóvember 2014.**
Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna breyttrar umsóknar Kristínar Gísladóttur f.h. Áshamars á umsókn um gistileyfi úr flokki 1 (heimagistingu) í flokk II (íbúð).
Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur þegar grenndarkynnt umsóknina fyrir nágrönnum og beðið er niðurstöðu þess. Bæjarráð samþykkir umsóknina að því tilskyldu að engar athugasemdir berist frá nágrönnum.
- 1.3. **Eygló Harðardóttur félags- og húsnæðismálaráðherra frá 10. nóvember 2014.**
Í bréfinu er kynnt samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar, Öryrkjabandalags Íslands og Þroskahjálpar sem miðar að því að skapa störf fyrir atvinnuleitendur með skerta starfsgetu.
Lagt fram til kynningar en bærarstjóri mun kynna verkefnið fyrir stjórnendum í næstu viku.
- 1.4. **Félagi tónlistarkennara frá 12. nóvember 2014.**
Í bréfinu var ályktun fundar félagsmanna Félags tónlistarkennara sem haldinn var í Verkfallsmiðstöð FT 12. nóvember sl.
Lagt fram til kynningar.
Njörður Sigurðsson lagði fram eftirfarandi tillögu.
Bæjarráð Hveragerðis lýsir yfir áhyggjum af stöðu samningaviðræðna við tónlistarkennara og áhrif þess á tónlistarnám í sveitarfélaginu. Bæjarráð hefur miklar áhyggjur af því að nemendur fari á mis við það stöðuga aðhald og leiðsögn sem sérfræðingar í tónlistarkennslu geta einir veitt. Það er einnig

ófyrriséd hver áhrif langvarandi verkfalls geta orðið en mikil hætta er á að nemendur gefist upp á náminu og brottfall verði umtalsvert. Bæjarráð Hveragerðis hvetur samningsaðila til að ræða saman og leita leiða til að ná samningum sem allra fyrst svo núverandi verkfall valdi sem minnstum skaða fyrir nemendur og hið góða starf sem unnið er í Tónlistarskóla Árnesinga og Tónsmiðju Suðurlands.

Njörður Sigurðsson

Kl. 8:11 var gert fundarhlé.

Kl 8:20 hélt fundur áfram.

Tillaga Njarðar felld með tveimur atkvæðum meirihlutans. Njörður með.

Fulltrúar meirihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Meirihluti bæjarráðs ber fullt traust til samninganefndar sveitarfélaga og telur að hún vinni af fullum heilindum við að leysa þessa erfiðu deilu með hagsmuni nemenda, starfsmanna og sveitarfélaga að leiðarljósi. Í ljósi þessa telur meirihluti bæjarráðs ekki rétt að samþykkja ályktun fulltrúa minnihlutans með því orðalagi sem hér er lagt til.

Unnur Þormóðsdóttir

Eyþór H. Ólafsson.

Á fundinn mættu fulltrúar félags tónlistarkennara sem kynntu sjónarmið félagsins fyrir bæjarráði.

1.5. **Félagi byggingarfulltrúa frá 3. nóvember 2014.**

Í bréfinu er kynnt gæðastjórnunarkerfi fyrir byggingarfulltrúa sem félagið hefur gert og allir byggingarfulltrúar geta nýtt sér gegn vægu gjaldi.

Bæjarráð fagnar frumkvæði félagsins og samþykkir að taka þátt í kostnaði við gæðastjórnunarkerfið.

1.6. **Starfshópi Héraðsnefndar Árnesinga frá 9. október 2014.**

Í bréfinu er skýrsla starfshóps er Héraðsnefnd Árnesinga skipaði vorið 2013 til að afla upplýsinga um hvaða leiðir sveitarfélög í sýslunni gætu farið til að fjölga hjúkrunarrýmum á svæðinu. Tillaga hópsins fylgir þar sem lagt er til að sveitarfélögin í Árnessýslu komi sér saman um að nýtt hjúkrunarheimili verði byggt á Selfossi. Sótt verði um 60 rými. Tillagan í heild sinni var lögð fyrir á haustfundi Héraðsnefndar en þar var samþykkt að vísa tillögunni til samþykktar í sveitarstjórnnum.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að nýtt hjúkrunarheimili verði byggt á Selfossi eins og fram kemur í tillögunni.

2. Fjárhagsleg málefni:**2.1. Minnisblað frá bæjarstjóra, gjöf til árgangs 2014 frá 18. nóvember 2014.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra þar sem fram kemur að á fundi bæjarstjórnar þann 18. júní 2014 voru lagðar fram tillögur er varða framtíðarsýn og möguleika Hveragerðisbæjar. Ein af tillögunum var að árlega, rétt fyrir áramót, verði öllum börnum sem fædd eru það sama ár í bæjarfélaginu/eða eru búsett þar um áramót færð sérmerkt gjöf frá bæjarfélaginu. Á umræddum fundi var bæjarstjóra falið að hafa umsjón með verkinu er hefjast skyldi 2014.

Bæjarráð samþykkir útfærsluna sem rædd var á fundinum. Kostnaður vegna þessa gæti numið um 120.000,- sem færður verður á liðinn 21-51-9990.

2.2. Framlenging á samningi Hveragerðisbæjar og Þórs Ólafs Hammer Ólafssonar um tjaldsvæðið við Reykjamörk frá 17. nóvember 2014.

Lagður fram samningur við Þór Ólaf Hammer um framlengingu á leigusamningi um tjaldsvæðið við Reykjamörk frá 1. nóvember 2014 til 1. apríl 2015.

Bæjarráð samþykkir samninginn.

2.3. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun v/ áhaldahúss frá 21. október 2014.

Áhaldahúsið óskar eftir viðauka við fjárhagsáætlun vegna viðhalds bíla kr. 1.100.000.-

Bæjarráð samþykkir viðaukann. Kostnaði verði mætt með lækkun á handbæru fé.

3. Fundargerðir til kynningar:

- 3.1. Aðalfundar Ferðamálasamtaka Hveragerðis frá 11. nóvember 2014.
- 3.2. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 31. október 2014.
- 3.3. Héraðsnefndar Árnesinga bs frá 14. október 2014.
- 3.4. Almannavörnum Árnessýslu frá 6. og 16. október 2014.
- 3.5. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 23. september, 20. október og 14. nóvember 2014.
- 3.6. Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 14. nóvember 2014.
- 3.7. Sorpstöð Suðurlands frá 10. nóvember 2014.
- 3.8. Aðalfundi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 21. og 22. október 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:47

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Eyþór H. Ólafssonar, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)